

Orðskýringar

Í þessum orðskýringum er að finna skilgreiningar/skýringar á enskum orðum eða orðasamböndum, sem notuð eru í könnuninni og hugsanlega þarfnast útskýringar, valin af þátttakendum frá aðildarríkjum ESB

Helstu hugtök

Competence Færni	Nauðsynlegt svið þekkingar, færni og geta til að framkvæma skyldur starfsins. Sú þekking, færni og geta sem þarf til að vera fær um að vinna / starfa sjálfstætt sem talmeinafræðingur á öruggan og árangursríkan hátt.
Generic Competences Almenn færni	Með almennri færni átt við eitthvað sem er almennt og algengt frekar en sérstakt, einstakt eða sérhæft. Tuning (samræming) gerir ráð fyrir þrenns konar færni sem getur fallið undir almenna færni:
Instrumental competences Færni í notkun tækja	Færni í notkun tækja: vitræn hæfni, aðferðafræðikunnátta, tæknikunnátta og tungumálakunnátta;
Interpersonal and Intrapersonal Einstaklings og félagsleg færni	Einstaklings færni: sérstök færni eins og félagsleg færni (félagsleg samskipti og samvinna);
Systemic competences Kerfisfærni	Kerfisfærni: geta og kunnátta varðandi heilu kerfin (blanda af skilningi, næmni og þekkingu, fyrri reynslu í notkun tækja og einstaklingsfærni er krafist).
Subject Specific Competences Færni sem tengist sérstökum námsgreinum	Hér er átti við færni sem á sérstaklega við störf talmeinafræðinga.
Tuning Methodology Tuning aðferðafræði	Verkefnið "Tuning educational structures in Europe " hófst árið 2000, með því að nokkrir háskólar vildu takast á við málefni sem tengjast Bologna yfirlýsingunni sem var skipulögð sameiginlega af Deusto Háskólanum (ES) og Háskólanum í Groningen (NL). Í tengslum við Tuning verkefnið hefur verið sérstök hönnuð aðferðafræði til að skilja námskrár og gera þær sambærilegar. Fimm nálgunarleiðir hafa verið skilgreindar til að skipuleggja umræður um námsgreinar: 1) almenn (bókleg) færni, 2) færni sem tengist námsgreinum, 3) hlutverk ECTS einingakerfisins 4) aðferðir við nám, kennslu og mat og 5) Hlutverk gæðaaukningar í menntunarferlinu (áhersla lögð á kerfi sem byggð eru á innri gæðum stofnana).

Vinnuveitandi:	Vinnuveitandi: * með vinnuveitanda er átt við einstakling sem ber ábyrgð á því að hafa eftirlit með starfi nýútskrifaðs talmeinafræðings - þetta getur verið framkvæmdastjóri sem hann eða hún er ábyrgur gagnvart og getur verið eldri
----------------	---

	talmeinafræðingur eða forstöðumaður deildarinnar þar sem talmeinafræðingurinn starfar og kunnugur eðli starfsins og þörfum skjólstæðinganna. Það merkir ekki einhvern sem er í stjórnunarstöðu og veit ekki hvert raunverulegt starf talmeinafræðingsins felst né hverjar þörfir skjólstæðinganna eru.
ORÐ/SETNINGAR Í KÖNNUNINNI	SKILGREININGAR/ÚRSKÝRINGAR
Appropriate feedback Viðeigandi upplýsingar	viðeigandi: Það sem á við um ákveðna persónu eða stað eða ástand upplýsingar: <ol style="list-style-type: none"> upplýsingar sem eru veittar til að bregðast við frammistöðu einstaklings á verkefni, o.þ.h., oft notaðar sem grundvöllur til úrbóta sérstakar upplýsingar um núverandi hegðun einstaklingsins til að hjálpa honum/henni annað hvort til að halda hegðuninni áfram eða breyta henni.
Appropriate therapy techniques Viðeigandi meðferðartækni	hagnýtar aðferðir sem skila árangri í að ná markmiðum, aðferð sem er notuð til að inna af hendi ákveðið verkefni eða viðfangsefni sem beinist að því að bæta ástand sjúklings og hentar við sérstakar aðstæður
Assessment Mat	Prófun/mat á sjúklingsi eða skjólstæðingi í þeim tilgangi að greina og gera áætlun um meðferð
Assessor Prófandi	Sá sem annast mat/prófun (sjá hér að ofan)
Audit trail Gagnaferli	Skref fyrir skref skrá yfir aðgerðir í tímaröð, t.d. samskipti við tiltekinn sjúkling, þar sem rekja má rás atburða. Tilvist áreiðanlegs gagnaferils sem hægt er að fylgja er talin vera vísbending um gott innra eftirlit stofnunar.
Caseload skjólstæðingafjöldi	Fjöldi skjólstæðinga sem talmeinafræðingur er viðriðinn hverju sinni; fjöldi tilvika sem er talmeinafræðingur ber ábyrgð á. Á stundum við um gerð tilvika sem talmeinafræðingur fjallar um, t.d. börn, fullorðnir.
Counsellor Ráðgjafi	einhver sem veitir ráðgjöf um vandamál, sérstaklega persónuleg, félagsleg eða sálfræðileg vandamál
Critical reflection skills Hæfni sem lýtur að gagnrýnni hugsun	Hæfni til að hugsa aftur um reynslu, samþætta þekkingu byggða á reynslu sem e-r hefur öðlast og grípa til aðgerða með innsæi sem aflað er með þessum hætti. Fullorðnir skilgreina gjarna forsendur fyrir gerðum sínum með gagnrýn hugsun, finna sögulegan og menningarlegan uppruna forsenda, véfengja merkingu forsenda, og þróa aðra möguleika á viðbrögðum. Hluti af aðferðum gagnrýnnar

	<p>hugsunar er að ögra ríkjandi félagslegum, stjórn mála legum, menningarlegum og faglegum leiðum til að aðgerða. Með gagnrýnni hugsun túlka fullorðnir og móta nýja þekkingu og athafnir út frá venjulegri og stundum óvenjulegri reynslu. Gagnrýn hugsun tengir saman reynslu og fræðilegt og tæknilegt nám til að byggja upp þekkingu og nýja framkomu eða innsýni.</p> <p>Nám með gagnrýnni íhugun skapar nýjan skilning með því að búa meðvitað til félagslegar, pólitískar, faglegar, efnahagslegar og siðferðilegar forsendur sem styðja eða knýja fram aðgerðir í ákveðnu samhengi. Nám með gagnrýnni hugsun skýrskotar til fullorðinsfræðslu með kröfum um aukningu á vitsmunalegri færni og framfarir í hæfni til að sjá þörfina fyrir og geta haft áhrif á breytingar bæði persónulegar og kerfislegar. Íhugun getur verið kennsluáferð fyrir beina og upplýsta þjálfun, valkostur milli aðferða í verklegri þjálfun eða við breytingar</p> <p>Heimild: <i>Teaching Critical Reflection</i>, David Stein [online] Fáanleg á http://www.inspiredliving.com/business/reflection.htm: [Sótt 21/09/2011].</p>
Decision makers Þeir sem taka ákvarðanir	Fólk með ábyrgð og vald til að taka ákvarðanir innan stofnunar eða stofnana, sérstaklega þeim sem ákvarða framtíð stefnu og aðferða, eða þá sem stjórna auðlindum og fjárhagsáætlunum.
Effectiveness of therapy Árangur meðferðar	Gæði meðferðar sem kallar fram æskilegar breytingar, það er sú meðferð sem er ábyrg fyrir breytingunum frekar en nokkur annar þáttur
Empathy Samúð	hæfileikinn til að skilja og deila hugsunum, tilfinningum og hegðun með öðrum
Evidence sönnunargögn	sannanir, eitthvað sem veitir sannanir eða afsannar; grundvöllur fyrir trú eða vantrú; þekking til að byggja trú á
Facilitator Leiðbeinandi	sá sem gerir árangur auðveldari, hjálpar til við að kalla fram niðurstöður (svo sem nám, árangur eða samskipti) með því að veita óbeina eða lítt áberandi aðstoð, leiðsögn, eða umsjón
Intervention Íhlutun	aðgerðir til að bæta röskun eða ástand, meðferð
Logical thinking Rökræn hugsun	hugsun sem er heildstæð og rökrétt, rökhugsun, óhlutbundin hugsun
Nasendoscopy	líffæra- og lífeðlisfræðileg athugun á gómfyllu á meðan talað með sveigjanlegri holsjá í gegnum nefið
Proposes possible outcomes Áform um mögulegar batahorfur	útskýrir mögulegan árangur eða mikilvægi ákveðinnar aðgerðar eða ástands, sem segir til um batahorfur
Quality assurance	áætlun um kerfisbundið eftirlit og mat á ýmsum þáttum verkefnis,

Gæðatrygging	þjónustu eða aðstöðu til að tryggja að kröfur um gæði séu uppfylltar
Rationale Rökstuðningur	Útskýring á grundvelli eða grundvallarástæðu fyrir eitthverju, safn ástæðna eða rökréttur grundvöllur aðgerða eða trú, útskýringar á sannfæringu fyrir álit, aðgerð, tilgátu, o.s.frv, einnig sjálfum sannfæringunum
Resilience Seigla	fær um að standast eða jafna sig fljótt eftir erfiðar aðstæður
Scope of practice Umfang starfsins	Umfang ábyrgðar t.d. tegundir sjúklinga, eða meðferðir og viðmiðunarreglur starfsins sem ákvarða mörk sem sérfræðingur starfar eftir.
Service delivery models Þjónustu model	Meginreglur, staðlar, stefna og takmarkanir notaðar til að fylgja við skipulagningu, þróun og útfærslu þjónustu talmeinafræðings, með það fyrir augum að bjóða þjónusta í samræmi við reynslu við sérstakar aðstæður. Þjónustumódel nær yfir þær aðferðir sem hægt er að bjóða upp á við talþjálfun sjúklins, þ.e. þegar boðið er upp á maður einstaklings meðferð, meðferð með tveimur sjúklingum í einu eða hóppjálfun, með þjálfun annarra, með ráðgjöf, við mismunandi aðstæður o.s.frv.
Synthesize knowledge Sýna fram á þekkingu	sameina þekkingu úr ýmsum áttum og af ýmsum gerðum til að mynda samfellda heild
Visual communication Sjónræn samskipti	Samskipti með aðstoð sjónræns áreitis, miðlun upplýsinga á myndrænu eða sjónrænu formi. Sjónræn samskipti reiða sig eingöngu á sjón og nær yfir: tákni, prent, teikningar, grafíska hönnun, myndskreytingar, lit og rafrænar upplýsingar. Það kannar líka möguleikann á því að sjónræn skilaboð ásamt texta er áhrifaríkur til að upplýsa, kenna eða sannfæra einstakling eða áheyrendur

SKAMMSTAFANIR sem eru notaðar í könnuninni

SLT: Speech Language Therapy/Therapist - Talmeinafræði/talmeinafræðingur

EDS: Eating Drinking Swallowing - borða, drekka, kyngja

CT (scan): Computerised Tomografi, - tölvusneiðmynd

PET (scan): Positron Emission Tomografi, - jáeindaskanni

MRI (scan): Magnetic Resonance Imaging - segulómun.